

# AÐ DRAGA ÁLYKTANIR

ÚR FRÁ ÞVÍ SEM EKKI ER SAGT Í  
TEXTANUM BERUM ORÐUM

## HVENÆR GERIST ÞETTA?

Mamma sagði mér að fara út með ruslið.

Ég fór í úlpuna, setti á mig vettlinga og greip vasaljósið og ruslapokann.

Ég kveikti útiljósið og hélt í áttina að ruslatunnunni sem stóð úti við götuna.

- að degi / sumar
- að degi / vetur
- að kvöldi / sumar
- að kvöldi / vetur

## HVAR GERIST ÞETTA?

Ég sat spennt í sætinu mínu og horfði á manninn sveifla sér á milli súlnanna.

Langt fyrir neðan hann voru 2 fílar sem báru tvær konur með fjaðrir í hárinu.

Ég borðaði poppið mitt þegar ég horfði á átta trúða koma út úr pínulitlum bíl.

- á tannlæknastofu
- í sirkus
- í keilusal
- á ströndinni

## HVAÐ GERIST NÆST?

Hinrik hafði beðið alla vikuna eftir því að komast í sumarbústað með fjölskyldunni. Hann var tilbúinn að fara þegar mamma hans sagði, „Ég hef slæmar fréttir.“ Hvað heldur þú að gerist næst?

---

---

---

---

---

---

---

## LESTU UM ARA OG PABBA HANS. SKRIFAÐU SVO HVAD ÞÚ HELDUR AÐ ÞEIR GERI.

Ari vaknaði snemma á laugardagsmorgni og leit út um herbergisgluggann sinn. Sólin skein og það var heitt úti. Pabbi kallaði á Ara og sagði: „Þetta er fullkominn dagur, ekki gleyma að taka handklæði!“ Ari greip handklæði og þeir lögðu af stað.

Hvert heldur þú að þeir hafi ætlað að fara?

## SKRIFAÐU NOKKRAR LÍNUR UM HVAD ÞEIR GERÐU OG HVERNIG DAGURINN VAR:

---

---

---

---

---

---

---